

Árið 2024, 3. nóvember kl. 15:00 kom landskjörstjórn saman til fundar í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu í Reykjavík til að úrskurða um gildi framboða við kosningar til Alþingis þann 30. nóvember 2024.

Fyrir er tekið framboð S-lista Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands í Norðausturkjördæmi og kveðinn upp svofelldur

#### Ú R S K U R Ð U R nr. 33/2024:

Hinn 30. október 2024 var tilkynningu skilað til landskjörstjórnar um framboð S-lista Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands í Norðausturkjördæmi við alþingiskosningar 30. nóvember 2024.

Framboðið hefur jafnframt skilað inn framboðslista ásamt fylgigögnum, það er yfirlýsingum þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á framboðslistann, upplýsingum um heiti stjórnmalasamtakanna sem bjóða listann fram og listabókstaf þeirra, tilkynningu um umboðsmenn listans sem taki við athugasemdum um ágalla sem kunna að vera á framboðinu og munu gæta réttar listans við undirbúning og framkvæmd kosninga ásamt samþykki þeirra auk meðmæla til stuðnings framboðinu og fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er boðinn fram.

Landskjörstjórn hefur kannað tilkynningu um framboð og framboðslista S-lista Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands í Norðausturkjördæmi til kosninga til Alþingis, þau meðmæli sem framboðinu fylgja og önnur fylgigögn. Könnunin leiddi í ljós að framboðið uppfyllir skilyrði kosningalaga nr. 112/2021.

Á grundvelli framangreinds er það niðurstaða landskjörstjórnar að framboð S-lista Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands í Norðausturkjördæmi við kosningar til Alþingis þann 30. nóvember 2024 sé gilt.

#### Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Framboðslisti S-lista Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands í Norðausturkjördæmi við kosningar til Alþingis þann 30. nóvember 2024 er gildur.

Landskjörstjórn

Kristín Edwald formaður (sign.)  
Arnar Kristinsson (sign.)  
Elín Ósk Helgadóttir (sign.)  
Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign.)  
Magnús Karel Hannesson (sign.)

Ákvörðun landskjörstjórnar má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr. kosningalaga, innan 20 klukkustunda frá því að hún var afhent. Skal beina kærur til nefndarinnar á netfangið [urskurdarnefndkosningamala@dmr.is](mailto:urskurdarnefndkosningamala@dmr.is).